

## ✉ Re: Náttúrufræðistofnun umsagnarbeiðni Sandhali.pdf

Búið til	22.11.2021 14:48:40
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	22.11.2021 14:48:38
Tilheyrir	📁 202111-0025 - Umsagnarbeiðni Sandhali.pdf

### Efni

Re: Náttúrufræðistofnun umsagnarbeiðni Sandhali.pdf

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	22.11.2021 14:48:38	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	kg@os.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202111-0023 (SS, IAS).

Vísað er til tölvupósts frá Orkustofnun dags. 11. nóvember síðastliðinn, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Björgunar ehf. fyrir tímabundnu leyfi til töku úr Sandhalanámu í sunnanverðum Faxaflóa.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með umsókninni og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Sandhalanáma hefur verið nýtt í töluverðan tíma en þó í mun minna mæli en felst í fyrri leyfum. Um raskað svæði er því að ræða.

Náttúrufræðistofnun telur ekki að áframhaldandi efnistaka í Sandhalanámu ógni jarðminjum. Syðrahraun er ójöfn slétta úr hörðu setbergi sem er að uppruna jökulberg þar fyrir sunnan er 40-60 m þykkt set sem líklega er frá lokum síðasta jökulskeiðs. Ofan á þessa set leggst síðan set frá nútíma sem er blanda af basalt sandi og skeljasandi og er það þessi sandur sem verður unnin úr námunni suðaustan við Syðrahraun. Líklegt er að þessi sandur endurnýi sig að einhverju leyti með tíma og þar sem náman er á 24-33 m dýpi og talsvert langt frá landi eru ekki líkur á að þetta valdi strandrofi.

Efnistaka af botni raskar búsvæðum botndýra. Athuganir á botndýralífi sem gerðar voru í aðdraganda mats á umhverfisáhrifum 2009 bentu til þess að botndýralíf væri fremur fábreytt og útskýrist það einkum af botngerðinni sem er fremur gróf og hentar mörgum botndýrahópum illa. Nokkuð er líðið síðan rannsóknir hafa farið fram á þessu svæði og miðað við hversu lítið náman hefur verið notuð er ekki ólíklegt að einhver endurheimt hefur orðið á botndýrasamfélaginu á svæðinu. Engu að síður er jákvætt að sótt sé í áður notaðar námur frekar en að leita á ný svæði.

Mikilvægt er að draga sem mest úr gruggmengun við efnistöku til að minnka áhrif á lífríki í nágrenni námunnar þ.m.t. í vatnsbolnum. Gruggmengun getur t.d. truflað fæðunám sjófugla en mikilvægar fæðustöðvar sjófugla eru á þessum slóðum í Faxaflóa.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að fylgst sé með efnistöku á hafsbotni og leggur til að reglulega séu gerðar fjölgeislamælingar af efnistökusvæðum á hafsbotni þannig að unnt sé að meta umfang og áhrif þeirra. Fram kemur í umsókn Björgunar að efnistökusvæðið jafni sig fljótt þar sem um er að ræða náttúrulega tilfærslu efnis með straumum. Þetta er erfitt að meta og eins er erfitt að sjá hver þróun svæðisins er án fjölgeislamælinga.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Kristján Geirsson" <[kg@os.is](mailto:kg@os.is)>  
**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>  
**CC:** "Harpa Þórunn Pétursdóttir" <[harpa@os.is](mailto:harpa@os.is)>; "Þóra Margrét Þórsdóttir" <[m@os.is](mailto:m@os.is)>  
**Subject:** Náttúrufræðistofnun umsagnarbeiðni Sandhali.pdf  
**Date:** 11.11.2021 14:31:53

Orkustofnun hefur móttekið umsókn frá Björgun ehf. um tímabundið leyfi til töku á efni úr svonefndri Sandhalanámu í sunnanverðum Faxaflóa vegna framkvæmda við nýtt athafnasvæði fyrirtækisins í Álfsnesi.

Fyrirtækið hafði leyfi til töku á efni úr námunni en það rann út sl. sumar. Um er að ræða takmarkað magn til afmarkaðs tíma.

Orkustofnun óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um framangreint erindi, sbr. meðfylgjandi bréf, umsókn og fylgigögn.

Björgun hefur óskað eftir því að afgreiðslu verði flýtt og í ljósi framanritaðs leitar Orkustofnun eftir því við umsagnaraðila, ef hægt er, að virða styttnu umsagnartíma, eða til mánudagsins 22. nóvember nk.

Vinsamlegast athugið að erindi þetta er einungis sent rafrænt, með þessum pósti. Ekki verður sent prenteintak af bréfinu eða fylgiskjölum þess.

Virðingarfyllst,

Kristján Geirsson, Ph.D, MPA

Verkefnastjóri – stjórnsýsla vatnsauðlinda

Manager – Water Resource Management



Orkustofnun /National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./  
Think of the environment before printing this message.

## Viðhengi

image001.png (5 KB)

image001.png (19 KB)